

Miðvikudaginn 17. október 1951.

Kærumálið nr. 25/1951.

Þórdís Davíðsdóttir

gegn

Skapta Davíðssyni.

Setudómari hrl. Sveinbjörn Jónsson
í stað hrd. Gizurar Bergsteinssonar.

Frestun uppboðs á eignum dánarbús.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 29. f. m., sem hingað barst 1. þ. m., hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar úrskurð, uppkveðinn í skiptarétti Reykjavíkur 15. f. m. og birtan 29. s. m., þar sem synjað var beiðni sóknaraðilja um frest á sölu tiltekinna eigna í dánarbúi Davíðs Jóhannessonar.

Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og sölu framangreindra eigna verði frestað, þar til fengið sé endurmat á $\frac{13}{16}$ hlutum jarðarinnar Úteyjar II í Laugardal, en þá kröfu verður að skilja þann veg, að sóknaraðili æski frests á sölu eignanna, þar til dómsúrlausn er um það fengin, hvaða verði jörð þessi verður metin dánarbúinu. Þá krefst sóknaraðili og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja eftir mati Hæstaréttar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja eftir mati Hæstaréttar.

Telja verður, að sóknaraðilja sé það hagsmunamál, að sala á fasteign dánarbúsins, húseigninni nr. 9 við Vegamótastíg, fari ekki fram, fyrr en dómsúrlausn er um það fengin, hvaða verði $\frac{13}{16}$ hlutar jarðarinnar Úteyjar II verða metnir dánarbúinu. Þykir því rétt, að sóknaraðilja sé veittur kostur á að leita þeirrar dómsúrlausnar án tafar, enda verði sölu á framangreindri fasteign frestað, þar til sú úrlausn er fengin. Hins vegar þykir mega staðfesta ákvæði hins kærða úrskurðar varðandi sölu á öðrum eignum dánarbúsins.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að varnaraðili greiði sóknaraðilja kr. 200.00 í kærumálskostnað.

Dómsorð:

Fresta ber sölu á fasteigninni nr. 9 við Vegamótastíg með þeim hætti, er að framan greinir, en að öðru leyti skal hinum kærða úrskurði óraskað.

Varnaraðili, Skapti Davíðsson, greiði sóknaraðilja, Þórdísi Davíðsdóttur, kr. 200.00 í kærumálaskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 15. september 1951.

Þann 2. október 1950 andaðist hér í bænum Davíð Jóhannesson, til heimilis á Vegamótastíg 9. Erfingjar hans eru börn hans Þórdís Davíðsdóttir, Vegamótastíg 9 hér í bæ, og Skafti Davíðsson, Útey, Laugardal. Með bréfi, dags. 16. maí síðastliðinn, krafðist Skafti þess, að búið yrði tekið til opinberra skipta, og fór uppskrift á eignum búans því næst fram 29. sama mánaðar. Aðaleignir búans reyndust vera húseignin nr. 9 við Vegamótastíg hér í bæ svo og nokkrir húsmunir. Við uppskrift þessa var mætt Þórdís Davíðsdóttir, og lýsti hún þar yfir, að hún myndi krefjast endurmats á jörðinni Útey 2 í Laugardal, en þessa eign kvað hún bróður sinn Skafta hafa fengið sem fyrirfram greiðslu upp í arf. Á skiptafundi, sem haldinn var í búi þessu 12. þ. m., krafðist Skafti Davíðsson þess, að eignir búans, húseignin Vegamótastígur 9 svo og húsmunir, yrði seldir sem fyrst á opinberu uppboði. Þórdís Davíðsdóttir var ekki mætt sjálf á skiptafundi þessum, en umboðsmaður hennar lagði fram skriflega kröfugerð um það meðal annars, að engar ákvarðanir um sölu á eignum dánarbúans yrðu teknar, fyrr en að fengnu endurmati á Útey 2. Taldi hann, að Skafti hefði fengið þá eign sem fyrirframgreiðslu upp í arf fyrir miklu lægra verð en sanngjarnt væri að leggja til grundvallar við skipti á búi þessu, enda mætti telja líklegt, að Þórdísi yrði fært að festa sér eignina við Vegamótastíg, annað hvort á uppboði eða á annan hátt, ef hún fengi leiðréttingu mála sinna. Mættur Skafti Davíðsson mótmælti öllum fresti á sölu eigna þessara og taldi ekki ólíklegt, að eignir þessar kynnu að lækka í verði, ef sala drægist.

Aðiljar töldu ekki ástæðu til að koma fram með frekari gögn í máli þessu, og færðist Skafti Davíðsson undan því að leita aðstoðar lögfræðings, þótt skiptaráðandi benti honum á það, og tók rétturinn því atriðið samstundis undir úrskurð.

Eins og fram kemur hér að framan, er bú þetta undir opinberum skiptum, og ber því skiptaráðanda samkvæmt skiptalögunum að annast sölu eigna búans á þann hátt, er telja má líklegastan til hagsbóta fyrir alla þá, er réttindi eiga í búinu. Þórdís Davíðsdóttir lætur þegar við uppskriftargerðina 29. maí síðastliðinn bóka athugasemdir sínar í sambandi við ráðstöfun hins látna á Útey 2, en hins vegar verður ekki séð, að hún hafi neitt

frekar aðhafzt í málinu frá þeim tíma. Verður frestbeiðni hennar um sölu eigna búsins því ekki tekin til greina, enda virðist nú hagstæður tími fyrir sölu slíkra eigna, sem hér er um að ræða.

Málskostnaðarkrafa hefur engin komið fram í máli þessu.

Því úrskurðast:

Beiðni Þórdísar Davíðsdóttur um frest á sölu framangreindra eigna verður ekki tekin til greina.

Miðvikudaginn 17. október 1951.

Nr. 140/1950. **Þormóður Eyjólfsson h/f**

(Einar B. Guðmundsson)

gegn

Jóni Gíslasyni (Egill Sigurgeirsson).

Setudómari hrl. Sveinbjörn Jónsson

í stað hrd. Gizurar Bergsteinssonar.

Orlofsfé.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. nóvember 1950, gerir þær dómkröfur, að hann verði algerlega sýknaður í málinu og að honum verði dæmdur málskostnaður fyrir undirrétti og Hæstarétti úr hendi stefnda eftir mati Hæstaréttar. Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Áfrýjandi reisir sýknukröfu sýna á þeim rökum, að Losunar- og lestunardeild Próttar sé sjálfstæður atvinnurekandi, sem taki utandeildarmenn í vinnu við upp- og útskipun, en gegn andmælum stefnda hefur áfrýjandi ekki fært sönnur á, að svo mikið hafi að þessu kveðið, að deildin geti talizt sjálfstæður atvinnurekandi. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til raka héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda 700 krónur í málskostnað í Hæstarétti.